

# HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

7. blað.

## Óskar Svía-konungur.

eftir

**Stephan G. Stephansson.**

*„Konungur vor er kotungsættar, en sérhver þumlungur í honum er úr öðlings-efni.“ —*

Haft eftir sænskum hirðmanni.

I.

Meðan hljóður harmur  
helörn risti á brjósti  
hæsta konungs höfuð  
hallaðist að bólstri —  
Noreg hafði úr hendi  
höggvið Ás inn blindi.  
Einn sat Bragi að beði,  
Bragi ljóð-skrautuður.

Laut að lofðungs eyra  
ljóði því að hvísla,  
sem að báli bornum  
beinir vinum sínum,

orðum ei sem heyrðu  
aðrir, þó þeir spurðu.  
Sann-getulust Saga  
sjálf fer þeirra dulin.

Hvísl, sem þreyttu þrúnar  
þaggar, unz þær spekjast.  
Hálfgerð vísa, en vær sem  
vöggugælur mæðra,  
órímaða yndið  
óðs, í skáldsins kvæði,  
fegurð fegins hugar  
frjáls við dróma málsins.